

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 22 ? 01.10. 2003

Miðvikudaginn 1. október, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason, Einar Gíslason, Páll Pálsson framkvæmdastjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks.
Árni Ragnarsson arkitekt mætir á fundinn.
2. Nýtt bókhaldskerfi Skagafjarðarveitna.
3. Innheimtumál.
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda Sighvats setti fund og gekk til dagskrár.

1. Rætt um undirbúning að 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks, en stefnt er að því að afmælishátíðisdagurinn verði laugardaginn 8. nóvember. Árni Ragnarsson mætti á fundinn. Lagði hann fram teikningar og skýrði fundarmönnum frá hugmyndum sínum að staðsetningu á brjóstmynd af Jóni Nikódemussyni við Dælustöðina. Stjórnin er sammála framkomnum hugmyndum og felur Árna að vinna áfram að málinu. Veitustjóri lagði fram frumdrög að gestalista.

2. Páll Pálsson gerði grein fyrir þeim samtölum sem hann átti við fulltrúa annarra veitna um bókhaldskerfi sem þær nota. Skagafjarðarveitum stendur til boða að taka annars vegar Navision bókhaldskerfi frá Maritech í samvinnu við Sv. Skagafjörð eða bókhaldskerfi frá Vigor, Skagafjarðarveitur eru með innheimtukerfið Orkuna og sérstakt heimlagnakerfi frá Vigor. Stjórnin er sammála að taka tilboði Vigors.

3. Páll Pálsson sagði frá þeim möguleikum sem eru til í innheimtumálum og gætu notast fyrir Skagafjarðarveitur, en í dag nota Skagafjarðarveitur A-gíröseðla.

4. Önnur mál.
Engin.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 18.15